

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Opíð brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1893, undirskr. af konungi 13. jan. 1893 (A. nr. 1, bls. 2—3.)

Auglýsing, er brýnir fyrir mönnum að halda fyrirælin um hið almenna danska verzlunarflagg, undirskr. af ráðgjafanum fyrir Ísland 16. jan. 1893 (A. nr. 2, bls. 4—5).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tollsamning við Spán. — Utanríkisráðaneytið hefur 7. þ. m. tilkynnt ráðaneytinu fyrir Ísland, að mála-leitunum þeim, er verið hafa milli Danmerkurstjórnar og stjórnarinnar á Spáni um samkomulag viðvíkjandi verzlunarviðskiptum og sjóferðasambandi millinefndra landa sje nú komið svo, að samningur sje á kominn með þeim skilmálum, að Spánr ásamt löndum hans og eignum utanhafs hafi af Danmörku sömu kosti og þau lönd, er bezta hafa, að því er að verzlun og farmennsku lýtur í Danmerkurriki, gegn því að Spánarstjórn láti danskar afurðir, er fluttar eru til Spánar og eyjanna Cuba og Portorico, sæta hinum lögstu tollálögum samkvæmt öðrum báki í tollreglum þeim, er gilda fyrir nefnd lönd, enda hafi Danmörk og sömu kosti af Spáni, að því er farmennsku snertir, sem þau lönd í Nordur-álfunni, er bezta hafa. Utanríkisráðaneytið hefur auk þess skýrt frá, að samkomulag þetta öðlist gildi frá 10. þ. m. að telja.

Þetta er hjer með þjónustusaml. tilkynnt yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um sveitfesti þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. nóv. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi, dags. 29. okt. síðastl., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði amtsins, dags. 22. ágúst 1892, er ákveður að Sigurður nokkur Kristjánsson á Akureyri skuli álitast sveitlægur í Grýtubakkahreppi, og heldur nefndin því fram í áfrýjunarskjali sínu, að Sigurður, sem um nokkur ár hafði verið í húsmennsku í Grýtubakkahreppi þegar tilsk. 26. maí 1863 öðlaðist gildi, mótmælalaust af öllum, en án sýslumannsleyfis, hafi með því að útvega sjer ekki reglulegt leyfi sveitarstjórnarinnar vorið 1864 hætt að vinna sjer sveitfesti í Grýtubakkahreppi samkvæmt nefndri tilskipun.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að það er viðurkennt, að Sigurður hafi haustið 1863 beðið um og fengið munnlegt leyfi hjá öðrum hreppstjóranum í Grýtubakkahreppi, og skömmu síðar skýrt hinum hreppstjóranum frá því, án þess að hann hefði neitt á móti því, að Sigurður síðan hafi verið húsmáður í hreppnum í 8 ár, þar af 5 ár undir handarjádri þáverandi hreppstjóra, og að aldrei hafi verið andæft neitt móti lögmati dvalar hans, heldur jafnan heimtuð af honum útsvör og tíund til hreppsins, þá verð-

1. dag marzmán. 1893.

1
9. des.
1892.

2
5. jan.

2
5. jan. ur ekki betur sjæð, en að sveitarstjórnin hafi þegjandi samþykkt og látið nægja leyfi það, sem annar hreppstjórinn veitti, enda er ekki fyrirskipað neitt form fyrir slíkum leyfum; en hefði sveitarstjórnin ætlað sjer að synja Sigurði um leyfið, sem hún vissi, að hann hafði beið um, var hún samkvæmt 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 skyld til að gjöra það skriflega og með ástæðum, og gat þannig, úr því að hann hafði beiðst leyfis, alls ekki gjört dvöl hans ólöglega með þögn sinni og afskiptaleysi einu. Þegar af þeirri ástæðu, að Sigurður, samkvæmt þessu, verður að álitast hafa haft fullnægilegt leyfi til húsmennsku í Grýtu-bakkahreppi eptir að það atriði gat haft áhrif á sveitfestis-dvöl hans, geta mót-bárur hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi ekki tekizt til greina, og ber því að staðfesta úrskurð amtsins í öllum greinum.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður til þóknanlegrar leið-beiningar og frekari birtingar.

3
5. jan.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gullbrúðkaupslegats Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1892.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1892 B., 7. bls.):		
a, í óuppsegjanlegum ríkisskuldabréfum	2400,00	
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	741,33	3141,33
2. Ársvextir:		
a, af ríkisskuldabréfum til 11. júní og 11. des. '92 á 3 ¹ / ₂ %	84,00	
b, af fje í landsbankanum til 31. des. 1892	25,28	109,28
		kr. 3250,61

Gjöld:

1. Sjóður í árslok:		
a, í óuppsegjanlegum skuldabréfum	2400,00	
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	850,61	3250,61

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 5. janúar 1893.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

4
5. jan.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs W. Fischers árið 1892.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1892 B, bls. 72):		
a, innritunarskirteini A fol. 373	20000,00	
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	226,79	20226,79